

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

19. janúar 2004

Með bréfi dags. 15. nóv. sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Reikningsskilaráðs um frumvarp til laga um breytingar á lögum um ársreikninga mál nr. 427.

Ráðið hefur farið yfir frumvarpið og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við það.

Þýðing á hugtakinu „Fair value“

Í frumvarpinu hefur „fair value“ verið þýtt sem gangverð. Erfiðlega hefur gengið að þýða hugtakið „fair value“ svo vel sé. Eins og fram kemur í athugasemdum með lagafrumvarpinu um 1. gr. þess hafa höfundar frumvarpsins átt í erfiðleikum með þýðingu hugtaksins.

Reikningsskilaráð telur að síðari hluti hugtaksins ætti að þýða sem „virði“ fremur en „verð“. Töluvert mikil munur er á ensku hugtökunum „price“ og „value“ og hafa þessi hugtök verið þýdd sem „verð“ og „virði“. Að mati ráðsins er mikilvægt að halda í þennan greinarmun.

Um fyrri hluta hugtaksins „gang“. Þá hafa verið settar fram ýmsar tillögur að þýðingu hugtaksins „fair value“ eins og reyndar er rakið í athugasemdum frumvarpsins. Til viðbótar þeim tillögum sem settar eru fram í frumvarpinu mætti nefna „sanngjarnt virði“ eða „vænt virði“. En óvíst er að meiri sátt náist um að þýða hugtakið með þeim hætti heldur en að þýða hugtakið sem „gangvirði“.

1. gr.

„Heimilt er að meta til gangsverðs fjármálagerninga..... Jafnframt er heimilt að meta til gangsverðs skuldbindingar.....“

Laga mætti orðalag þessarar greinar þar sem hún gefur færi á að meta skuldbindingar með öðrum hætti en fjármálagerninga. Þörf er á því að ef fjármálagerningar eru metnir á „gangverði“ verður að gera kröfu til þess að skuldbindingar séu einnig metnar á „gangverði“.

Til þess að gera þetta ákvæði skýrara mætti t.d. breyta orðalaga 1. gr. með eftirfarandi hætti:

„Heimilt er að meta til gangsverðs fjármálagerninga..... [Ef heimildin er notuð skal] meta til gangsverðs skuldbindingar.....“

1. gr. og 2. gr.

Hugtakið „alþjóðlegar reikningskilareglur“ kemur fyrir í 1. og 2. grein. Ráðið telur betra sé að nota „alþjóðlega reikningskilastaðla“. Með því að nota „staðla“ í stað „reglna“ er tekin af allur vafi um það að verið sé að vísa til IAS/IFRS staðlanna en ekki einhverra aðra alþjóðlega viðurkenndra reglna.

b. liður, 2. gr.

Mögulegt virðist vera að breyta um reikningsskilaaðferð einfaldlega með því að skilgreina viðkomandi fjármálagerning eða skuldbindingu sem skammtíma- eða langtímagerning. Athuga þyrfti hvort ekki er hægt að orða þessa grein með skýrari hætti. Þannig að ljóst sé að ekki sé heimild til þess að færa fjármálagerninga og skuldbindingar milli flokka eftir eigin vali.

1. tl. b. liðar 3. gr.

„gangverð fyrir hvern flokk afleiddra fjármálagerninga ef hægt er að ákvarða það“

Hvað ef ekki er hægt að ákvarða „gangverðið“? Á þá að meta gerningana við upphaflegu kostnaðarverði. Þetta er ekki alveg ljóst.

Til viðbótar er rétt að vekja athygli á eftirfarandi atriði sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu. En liðnum „um 1. gr.“ er íslenskun á tveimur hugtökum sem þyrfti að athuga.

„Fair value accounting“ þýtt sem gangverðsreikningsskil.

„Hedge accounting“ þýtt sem baktryggingarreikningsskil.

Í hvorugu tilvikinu er hér átt við reikningsskil í hefðbundinni merkingu heldur er hér einungis verið að fjalla um færslur sem varða baktryggingar eða gangverðsfærslur. Reikningsskilin sem þessar færslur er gert í er hins vegar hefðbundin kostnaðarverðsreikningsskil.

